

**Lög**Nr. 45  
28. nóv.

um

viðauka við lög nr. 24, 12. september 1917, um húsaleigu  
í Reykjavík.**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með  
samþykki Voru:

## 1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að taka til sinna umráða auðar  
ibúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fult  
endurgjald fyrir. Áður en þetta sje gert, skal Húsaleigunefnd rannsaka málið og  
síðan úrskurða, hvort ibúð skuli tekin, og ákveða leigu-upphæð, tímalengd og  
annað, er þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðiljum kemur ekki saman  
um Úrskurður Húsaleigunefndar er fullnaðarúrskurður.

Með sömu skilyrðum skal bæjarstjórninni heimilt að taka til sinna um-  
ráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til ibúðar.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson*